

Umsókn um styrk úr Þróunarsjóði skólasamfélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Sjá, snerta, skynja og skapa

Markmið verkefnisins: „Sjá, snerta, skynja og skapa“ er þróunarverkefni sem miðar út frá því að veita börnum á aldrinum 1-2 ára tækifæri til að upplifa og skapa í umhverfi sem leggur áherslu á skynjun og sköpun. Með kaupum á sullukeri og með því að útbúa leiðarvísi, ætlum við að skapa umhverfi sem hvatar til skapandi hugsunar og skapandi leiks.

Mikilvægi sköpunar og skynjunar fyrir börn á aldrinum 1-2 ára: Á þessum mikilvæga þroskaaldri eru börn í miklum hraða þroska og upplifa heiminn með fjölbreyttum skynjunaraðferðum. Skapandi leikur og sköpunarstarf eru lykilþættir í þroska þeirra, þar sem þau læra með því að gera tilraunir og skoða heiminn með öllum skynfærum sínum. Verkefninu er ætlað að efla leikskólann í að vinna með vitsmuna-, tilfinninga- og félagslega þroska barnanna.

Skipulag og tímasetningar: Gerð leiðarvísisins (leiðarvísir/kennsluefni) er hugsað sem verkefni utan vinnutíma umsækjenda og er því styrkurinn bæði hugsaður til þess að kaupa sullukarið og greiða fyrir vinnu við gerð leiðarvísisins. Til þess að verkefnið skili sem mestum árangri teljum við nauðsynlegt að gera leiðarvísirinn og innleiða hann. Leiðarvísirinn mun innihalda hugmyndir að verkefnum með sullukerinu sem stuðlar að þróun tilfinningalegs og vitsmunalegs þroska barnanna.

Kostnaðaráætlun: Sótt er um styrk að upphæð 391.200 krónur til að kaupa sulluker og vinna leiðarvísi fyrir leikskólann. Sullukarið kostar 300.000 krónur og yrði eign leikskólans og gert er ráð fyrir að gerð leiðarvísis vinni umsækjendur í frítíma sínum og að sú vinna taki um 8 klukkustundir og miðað er við 5.700 krónur á tímann (sama upphæð og unnið er með í Uppbyggingasjóði Suðurlands). Sem gera 91.200 krónur alls en hvor um sig fengi um 45.600 krónur. Leiðarvísirinn yrði einnig eign leikskólans. Enginn annar styrkur hefur verið fenginn til þessa verkefnis.

Ávinningur fyrir skólasamfélagið: Verkefnið eflir faglegt starf leikskólans með það að marki að börnin njóti ávinningsins. Verkefnið stuðlar að skapandi hugsun, félagslegri samvinnu og sköpunar hjá börnunum sem þau búa að út æviskeiðið. Leiðarvísirinn mun auðvelda starfsfólki og sérstaklega nýju starfsfólki að nýta sér kerfið í vinnu með börnunum. Leiðarvísirinn og sullukarið yrðu eign leikskólans. Verkefnið er því í samræmi við markmið og stefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps um að nota skapandi og verklega nálgun í öllu skólastarfinu.

Umsækjendur: Helga Guðlaugsdóttir deildarstjóri, Oddný Stefanía Stefánsdóttir deildarstjóri.

Ábyrgðarmaður: Anna Greta Ólafsdóttir, leikskólastjóri Leikskólans Leikholts

